


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti (VSMV1TN03)	Námsáætlun (Haust 2019)

Kennari	Guðmundur Hermannsson	Sk.st.	GTH
----------------	-----------------------	---------------	-----

Lýsing

Í þessum áfanga kynnst nemendur samsetningu einkatölvu og aðferðum við bilanagreiningu. Lögð er áhersla á virkni undirstöðueininga einkatölvu, s.s. örgjörva, rásasett, tengiraufar, minni, einstakar stýringar á móðurborði, hlutverk BIOS, diskastýringar, inn- og úttakstengi, netkort ásamt stillingum fyrir internetið. Helstu einingar staðarnets og víðnets eru kynntar. Tölva er sett saman frá grunni og gengið frá uppsetningu á algengu stýrikerfi og notendahugbúnaði. Tölvun er í lokin tengd á staðamet skólans og stillt fyrir internetið. Áhersla er lögð á að nemendur fái innsýn í samvirkni helstu jaðartækja sem notuð eru með einkatölvum. Þá er fjallað um stöðurafmagn og meðferð rafihluta. Í þessum áfanga kynnst nemendur tölvunetkerfum. Farið er í uppbyggingu og virkni heimilis netkerfa. Nauðsynlegir íhlutir skoðaðir og hvernig einfaldur netbúnaður vinnur saman.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu byggingarhlutum tölvu og hlutverki þeirra
- helstu stýrikerfum
- algengum notendaforritum
- helstu einingum í einföldu netkerfi

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja saman tölvu úr byggingarhlutum sínum
- forsníða harðan disk
- setja upp stýrikerfi á tölvu
- setja upp einfalt netkerfi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í tölvu
- leggja mat á gildi hinna ýmsu hugtaka við mat á afkastagetu tölvu
- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í netkerfi
- leggja mat á afkastagetu í einföldu netkerfi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti (VSMV1TN03)	Námsáætlun (Haust 2019)

Áætlun og yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34-35	Námsefni kynnt	
36	Símar og Fartölvur skoðaðar	
37	Borðtölva skoðuð	Setja saman PC tölvu
38	Borðtölva framh	Setja upp stýrikerfi
39	BIOS og móðurborðið	Verkefni
40	Minnið	Verkefni
41	Geymslumiðlar	Verkefni
42	Jaðartæki-Gera íhlutalista	Verkefni
43	Netkerfi-yfirflit	
44	Netkerfi tengimöguleikar	Verkefni
45-46	IP og Mac tölur	Verkefni
47-49	Setja upp LAN og tengjast	Verkefni

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Tölvur	Tölvusamsetning	10%	
Tölvur	Velja íhluti í tölvur	20%	
Tölvur	Setja stýrikerfi upp á tölvu	10%	
Tölvur	Tímaverkefni um vélbúnað tölvu 3 stykki (10% hvert)	30%	
Netkerfi	Verkefni (3 stykki, 10% hvert)	30%	
	Samtals:	100%	
Annað:			

Dagsetning: 19.08.2019


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils